



1, 5.

N. STEINGRÍMUR THORLÁKSSON
RITSTJÓRI.

APRIL 1906

Gleðilega páskal!

Jesús upprisinn! Jesús vinnur sigur, en ekki óvinir hans, þeir, sem dæmdu hann til dauða og létu krossfesta hann. Jesús lifir og við lifum, ef við trúum á Jesúm.

Þetta segja páskarnir okkur, börn. Þeir tala við okkur um lífið, um lífið, sem aldrei deyr, um lífið, sem heitir *cilifa lífið* og *nýja lífið*. Og þeir segja, að þetta líf fáið fyrir Jesúm.

Það er gaman að lífa, þegar við lifum góða lífinu, nýja lífinu í guði, lífinu, sem Jesús lífði.

Þetta líf, sem hann lífði, vill Jesús gefa okkur. Og hann vill hjálpa okkur til þess að lífa þessu lífi. Svona gott getur Jesús látið lífið okkar verða. Hann getur látið það likjast sínu lífi.

Ætti okkur þá ekki að þykja vænt um Jesúm? Auðvitað! — Lofið þá Jesú að gera lífið ykkar gott líf, láta það likjast lífinu hans. Þið munuð þá þakka guði fyrir lífið ykkar, hvort heldur það verður stutt eða langt.

Það gerir minst til, hvort þið lífið lengi eða stutt hér. Alt er undir því komið, að þið lífið góða lífinu, lífinu, sem þið hafið gott af að lífa, og sem líka varð öðrum til góðs. Aðrir höfðu líka gott af því, að þið lifðuð.

Það er gaman að lífa, þegar við lifum sjálfum okkur og öðrum til góðs.

En munið það, börn, að án Jesú getur enginn lífað sliku lífi. Það er ekkert líf til, sem er slíkt, nema lífið, sem hann gefur.

Ó, lífum Jesú, lífsins herra kæra!
Og lífum, Jesú hjarta-fórn að færa.
Og lífum til að líkna, hjúkra, bjarga
til lífsins hinu veika, vesla marga.

Notið tímann vel.

III.

Eg hef nú verið að tala við ykkur um þetta, börn. Og seinast sagði eg, að eg myndi tala meira um þetta við ykkur næst.

Eg vona þið hafið lesið það og tekið eftir því og hugsað um það. Mér þætti fyrir, ef þið hefðuð ekki gert það. Andlitið á mér yrði þá svo leidinlegt. Æn enginn með leiðinlegt andlit er velkominn í hópinn til ykkar. Æn það kemur ekki til þess. Þið hafið gert það. Æn þið hafið gert meira. Eg veit það. Þið hafið sagt við ykkur sjálf: „Það er satt, sem „Barna“-maðurinn segir. Við eignum að nota tímann vel. Og við skulum gera það.“

Eg bakkja ykkur fyrir það. Mér þykir svo gaman að tala við ykkur, þegar þið takið svona eftir. Þá get eg haft góð áhrif á ykkur. Og til þess langar mig. Og þá fæ eg góðar viðtökur hjá ykkur. Þið segið mig velkominn, og gerið mér eitt-hvað gott. Og þá höfum við gaman og gott af að hittast.

En það meiddi mig, ef eg vissi, að þið vilduð ekki hlusta á mig og segðuð: „Hann er svo leiðinlegur, þessi karl! Við höfum ekkert gaman eða gagn af að hlusta á hann.“ — Elskurnar mínar! Þetta megið þið ekki segja. Eg vil ekki vera neinn karl, þegar eg kem til ykkar. Og allra sízt vil eg þá vera *leiðinlegur* karl. Uh! Það kemur hrollur í mig, þegar eg hugsa til þess.

En nú ætla eg að tala við ykkur um að nota tímann ykkar vel, bæta dálítlu við, úr því eg þykist vita, að þið hlustið á mig.

Kvöldin ykkar ætla eg að minna ykkur á. Og eg bið ykkur sérstaklega um þetta: *Notið vel kvöldin ykkar!*

Það fara margir unglungar og mörg börn, ekki síst í bæjunum, illa með kvöldin sín, ósköp illa. Og þau súpa svo af því alla æfi sína, aumingja-börnin. Þau hlýddu ekki foreldrum sínum. Þau vildu fá að gera það, sem þeim sjálfum syndist. En

börn hafa aldrei gott af að gera það, sem þeim sjálfum sýnist, og vera óhlýðin foreldrum sínum. Þau hafa gott af að vera þeim hlýðin. Guð hefur sagt það.

Mörg börn eru svo sólgin í að vera úti á kvöldin, úti í myrkrinu og ólmast í sollinum. Ef þeim er bannað það, verða þau vond, fara að skæla, eða setjast út í horn með fýlu. Ósköp er það ljótt!

Börn eiga ekki að vera úti á kvöldin, þegar dímt er orðið. Þá eiga þau að fara inn og vera inni. Þau eiga að elска ljósíð oor vilja vera í ljósínu.

Þið hafið tekið eftir flugunum á kvöldin. Þær sækja inn að ljósínu úr myrkrinu. Vilja hreint ekki vera í myrkrinu, heldur þar sem ljósíð er.

Þið ættuð að læra það af flugunum, að sækja úr myrkrinu inn í ljósíð á kvöldin. Ekki hafa gaman af að vera úti í myrkrinu, heldur hafa gaman af að vera þar sem bjart er.

Myrkrið hefur ill áhrif á ykkur. Það kemur ykkur til þess að gera margt ljótt. Alt hið ljóta og illa er helst á ferðinni í myrkrinu. Þá eru vondu englarnir einkum á ferðinni með freistaingarnar símar, til þess að gera ykkur vond. Verið þess vegna ekki úti, börn, í myrkrinu á kvöldin. Verið inni í ljósínu. Leikið ykkur þar sem bjart er, og kerið það sem gott og fallegt er á kvöldin.

Margir ungligar eru líka oft að flækjast úti á kvöldin, til þess að eyða kvöldumum sínum. Gera hvorki sjálfum sér né öðrum nokkurt gagn, heldur ógagnið tómt. Peir fara sér til skemtnarinnar inn á staði, sem ekki eru aefinlega hollir fyrir þá, og lenda í óhllum félagskap, sem spillir þeim á ýmsan hátt. Spillingin ledist að þeim í gervi skemtnunarinnar og nær í þá. Og aldrei eru áhrif spillingarinnar jafn-hættuleg fyrir unglingu eins og þá, þegar hún kemur til peirra í búningi saklausrar skemtnunar. Brúkar skemtnun, sem í sjálfu sér er saklaus, til þess að veiða þá með. Og mest á kvöldin leitast spillingin við að ná í unglingana. Og fyrst kemur hún æfinlega dulkarklædd, kemur til þess að skemta unga fólkini á kvöldin. Kemur svo leikandi og létt og svo töfrandi skemtileg, eins og huldusveinn eða huldu-mey, eins og sagt er frá í huldufólks-æfintýrunum að huldufólk-*id* hafi gert, þegar það vildi ná í fallegan pilt eða fallega stúlkum.

„En margt býr í þokunni,
þig mun kamske iðra.“*)

Líka eru til staðir í sjálfu sér góðir, sem ungt fólk fer inn á

*) Sbr. kvæðið 129 í nýju „Söngvunum“.

á kvöldin; en eru þó vondir staðir fyrir ungt fólk, vegna þess lað sitr þar fram eftir öllu kvöldi í þeirri trú, að það sé á góðum stað, en er þar þó einmitt að kera að flækjast úti á kvöldin. Gerir sjálfi sér ekkert gagn, en eyðir tíma og peningum.

Unglingur sá, sem ver kvöldunum sínum sér *in gamans* og *góðs* og *gagns* fyrir lífið, hann er 18 safna sér *auð* fyrir ókornin: tíma — auð, sem hann þarf á að halda. Hinn, sem *eyðir* kvöldunum sínum, safnar sér því, sem honum er til *ills* eins á ókornum tíma.

Munið mig þá um það, börn, ykkar sjálfra vegna: *Farið vel með kvöldin ykkar!*

Eg skal segja ykkur eina sögu. Hún heitir:

PILTURINN, SEM FÉKK STÖÐUNA.

Hann var fátækur bóndason í Pennsylvaníu. Hann var námfús mjög og lagði mikið á sig til þess að geta lokið við skólanám sitt. Þegar það var búið, las hann einn dag auglýsingi í blaði um, að staða byðist handa hæfu ungmenni í banka í Chicago. Hann vildi reyna að fá stöðuna, og sagði frá því, hvað hann ætlaði sér. Þá var reynt að hafa hann ofan af því, en það tókst ekki. Hann var einbeittur, og lagði á stað. Þegar hann kom inn á skrifstofu bankastjórans og sagði honum erindi sitt, þrýsti bankastjórinn á hnapp. Maður kom óðar inn, leit framan í piltinn og virti hann vel fyrir sér, og fór svo út. Bankastjórinn sagði við piltinn, að hann skyldi koma aftur eftir viku.

Maðurinn, sem inn hafði komið, var leyniþjónn bankans, og átti að hafa nákvæmar gætur á piltum þeim, sem sóttu um stöðuna í bankanum. Það, sem hann átti að taka eftir í fari þeirra, var þetta fernt: hvort þeir væru *eyðslusamir*, hvort þeir hefðu nokkurn *löst*, og hvernig þeir verðu *sunnudeginum* og *kvöldunum sínum*.

Eftir viku kemur pilturinn aftur, eins og honum hafði verið sagt. Bankastjórinn segir þá við hann, að 46 hafi sótt um stöðuna. Í viku hafi maður fylgt þeim eftir, til þess að finna, hvaða mann þeir hefðu að geyma. Tveir að eins af þessum hóp hafi staðist prófið. Sé hann annar þeirra. Og af því hann hafi fengið betri vitnishurðinn, þá fái hann stöðuna.

Við förum nærrí um það, hvað vænt piltinum hafi þótt um þetta.

LÆRID AF SÖGUNNI.

Sjáið nú til. Allur þessi hópur, sem sótti um stöðuna, var

látinn ganga undir próf. En prófið var ekki um það, hvað mikid þeir kynnu, heldur um það, hvernig þeir væru. Ekki megið þið af hví halda samt, að standi á sama, hvort þið kerid nokkuð eða ekki neitt. Ó, nei! Þið eigið að læra alt það, sem þið getið. Það hafði pilturinn gert, sem sagan er um. En það er ekki *alt* undir því komið, að þið *kunnið* mikid. Það er *meira* undir því komið, að þið séuð góð.

Sagan sýnir ykkur nú, að það eru ekki að eins *lestir*, eins og t. d. drykkjuskapur, lauslaeti, ljótt orðbragð, óráðvendni og óorðheldni, sem segja eftir ykkur og sýna, hvernig þið eruð. *Eyðslusemin*, að þið farið illa með peningana ykkar, gerir það líka. Hún segir eftir ykkur. — Æn það, sem mig langaði til að láta söguna sýna ykkur sérstaklega núna, var petta, að ef þið farið illa með tímann ykkar, þá segir það eftir ykkur — segir frá því, að þið séuð ekki góð.

Það var gáð að því um piltana, hvernig þeir færur með tímann sinn, sérstaklega *sunnudaginn* og *kvöldin*. Það var líka látið segja til þess, hvort þeir væru góðir eða vondir. — Um sunnudaginn tala eg seinna við ykkur. Núna var eg að tala um *kvöldin*. Sjáð þá, hvað ríður á því, að fara vel með kvöldin sín. Hann hefði ekki fengið stöðuna, pilturinn, ef hann hefði farið illa með kvöldin sín. Og eins og tekið var eftir því, hvernig hann færi með kvöldin sín, eins er tekið eftir því, hvernig þið farið með kvöldin ykkar. Guð tekur eftir því. Æn menn taka líka eftir því. Því þau segja eftir ykkur, kvöldin ykkar, ef þið farið illa með þau. Þið komist ekki í neinar felur með það. Þau eru svo slæm með að segja eftir ykkur, kvöldin. Þið getið ekki komið heim til að þegja. Það bindur enginn fyrir munnin á þeim, og það treður enginn upp í þau. Þau tala þrátt fyrir alt, kvöldin.

Pegar þið farið illa með kvöldin, þá farið þið ekki einungis illa með *tímann* ykkar; þið farið illa með ykkur *sjálf*. Kvöldin setja á ykkur merki fyrir lífið, ljót merki, sem ekki verða skafin burt. Þau setja á ykkur svartan blett, sem þvaest ekki af. En kvöldin mega ekki gera það. Þau mega ekki setja svartan blett á ykkur. Þið eruð mikils til of falleg, til þess að nokkur svartur bleittur megi sjást á ykkur.

Farið þá vel með kvöldin ykkar, svo þau segi það eftir ykkur, sem fallegt er og þið hafið sóma af — að merkin á ykkur eftir kvöldin verði *ljós-merki*. Munið það öll — *þið, sem eigið að vera ljóssins börn!*

þrjár páskaliljur.

(Þýdd saga eftir Celia M. Stone.)

Frú Sterling kom heim með þrjár páskaliljur. Grænu blaða-typpin voru rétt búin að stinga sér upp úr moldinni. „Þetta er liljan þín, Tómas! Þetta þín, Elín! Æn þessi er mún! — sagði hún við börnin sínum.

„Æ, hvað þessi kríli eru skrítin, mamma! Verða þau nokkurn tíma að liljum? — spurði Elín litla.

„Já, góða mín, ef við förum vel með þau. Við skulum setja þau þarna í sól-gluggam, og vökva þau vel. Tómasar er stærst, enda er hann orðinn stór drengur.“

„Hvað ætla þú að gera við þína lilju, mamma?“

„Hún á að vera handa Lóis frænku.“

„Nei, það var gott! Æn hvað ætla þú að gera við þína, Tumi? — spurði Elín.

„Eg ætla að hafa hana sjálfur. Eg gef hana ekki burt í þetta sinn.“

„Viltu ekki senda kirkjunni hana, Tumi?“

„Nei, eg vil það ekki! — sagði Tumi.

„Ef enginn sendi kirkjunni okkar liljur, Tumi! — hvað myndum við þá gera?“

„Auðvitað vera án þeirra. Eg segi þér það, Elín, eg ætla sjálfur að hafa mína lilju í þetta sinn. Hananú, þá veistu það!“ Og hann sagði þetta með svo miklum hávaða, að mamma hans tók fram í og sagði hægt: „Elín getur heyrt til þín, þó þú talir ekki alveg svona hátt.“ Og lætur svo við: „Við eignum að njóta eins mikillar ánægju af liljunum og okkur er unnt. Við meggum gera við þær alveg eins og okkur sýnist. Mín á nú samt að vera handa Lóis frænku, og eg býst ekki við að breyta því áformi.“

Lóis frænka var heilsulaus. Í mörg ár hafði hún ekki farið neitt út hjá dóttur sinni, nema þegar hún var borin út. Og nú hafði hún ekki um langan tíma farið úr herberginu sínu. Tuma og Elínu þótti mjög vænt um hana, og mamma þeirra var einlægt að finna upp á einhverju smávegis handa henni og láta það koma flatt upp á hana. Frú Sterling var raunar stöðugt að sýna öðrum kærleiks-greïða. Hún hafði ekki af miklum efnum að taka, svo hún gaf af hjarta.

Liljunum fór vel fram. Tumi vökvæði þær, og börnin voru tímunum saman hjá heim og horfðu á þær.

Það var komið nálægt páskunum. Og a hverju kvöldi, þegar hr. Sterling kom frá starfi sínu, fór hann að skoða liljurnar. Lilja Tuma var stærst og blómlegust, en hinrar voru fallegar. Daginn fyrir páská gekk frú Sterling að sól-glugganum, tók liljuna sína, lét hana vandlega í umbúðir, fleygði yfir sig sjalnu sínu og fór til Lóis frenku. Hún var ekki að heim-an nema litinn tíma, en þegar hún kom heim aftur, sagði Elín:

„Gerðu svo vel, mamma! og vefðu um liljuna mína. Eg ætla að fara með hana yfir til kirkjunnar. Börnin ætla að láta liljurnar sínar vera í sunnudagsskóla-salmnum. Á eftir verður farið með þær til hælisins fyrir munaðarlaus börn. Verður það ekki gaman, mamma?“

„Ó, mamma!“—kallaði Tumi alt í einu—„eg hef gleymt — hún Ida Merry bað mig að fara til Jóa Warren. Hann fót-brotnaði, og Ida heldur, að honum leiðist. Móðir hans verður að yfirgefa hann part af tímanum, því hún þarf nú að vinna fyrir þeim báðum. Eg held eg fari undir eins.“

Og Tumi fór og var að heiman dálítinn tíma. Þegar hann kom heim aftur, sagði hann lítið. Gat þess að eins, að læknirinn segði að Jói væri á batavegi. Hann fór til liljunnar sinnar, stóð þar lengi og horfði á hana. Hvað var hann að hugsa um? Frú Sterling sagði ekki orð. Hún leit út fyrir að vera önnum kafin við að sauma litinn kjól handa Elínu. Þegar hún hætti að sauma stóð Tumi við hlídina á henni.

„Mamma, viltu vefja eins um liljuna mína eins og um þín? Eg ætla að fara með hana til Jóa Warren. Svo dögum skiftir hefur hann haft við rúmið hjá sér nokkrar „nellíkur“, sem Ida Merry sendi honum. Hann skal nú fá liljuna mína.“

„Er það alvara þín að gefa hana burt, sonur minn?“

„Já, nú ætla eg mér það. Flýttu þér, mamma! Mig lang-ar til þess að sjá, hvað vænt honum þykir um að fá hana.“

„Hún er falleg. Hún hefur skemt mér. Eg hélt aldrei eg myndi vilja gefa hana burt, en nú langar mig til þess. Jói misti stöðuna sína. Hann var lyftivélar-drengur. Og það tek-ur hann sárt. Parna, nú er hún til; — er ekki svo?“

Og frú Sterling horfði á eftir honum, þegar hann gekk of-an strætið.

Um leið og hr. Sterling kom heim um kvöldið, og inn í stofuna, sagði hann: „Nei! Hvar eru liljurnar? Hvar er liljan þín, góða?“

„Fyrir handan hjá Lóis. Henni voru sendar fimm aðrar í dag eftir hádegið. Hún var glöð. Og núna einmitt fyrir há-degið lét DeWitt setja inn í herbergið hennar telefón, sem

tengdur er við kirkjuna. Svo hún býst við að njóta páskanna með okkur í kirkjumí, söngsins og alls annars. Það var á-nægjulegt að sjá Lóis, DeWitt var sannarlega hugsunarsamur.“

„De Witt er fyrirmynadar-tengdasonur“ — sagði hr. Sterling. „Hvar er liljan þín, Elin?“

„Eg bar mína yfir til kirkjunnar. Svo á að fara með hana til hælis fyrir munaðarlaus börn. Er ekki gaman að því, pabbi?“

„Jú, jú! En hvar er þín, Tumi?“

„Eg fór með mína til Jóa Warren. Hann er bestur í skólanum. Hann fótbrotnaði fyrir viku. Og þau eru skelfilega fáttæk. Hann hefur selt blöð á kvöldin, til þess að hjálpa mömnum sinni. Hann segist halda, að hann fái eitthvað að gera, þegar hann komist á fætur. En eg held hann kvíði fyrir samt. Mig langaði til þess að fara með liljuna mína til hans. Og eg hef aldrei séð neitt fólk verða eins fegið. Þau sögðust aldrei hafa átt páska-lilju. Að hugsa sér það, pabbi!“ — sagði Tumi og settist á stólbrikina hjá föður sínum — „að hafa aldrei átt páska-lilju, en eg hef átt sjálfur fimm!“

„Og gefið þær allar burt. Sonur minn! segðu Jóa, að drengurinn, sem unnið hefur á skrifstofunni hjá okkur, fari bráðum. Við skulum halda þeirri stöðu handa honum. Við gefum honum vinnu allan þann tíma, sem hann getur mist. Drengur, sem er eins ant um að hjálpa mömnum sinni, hlýtur að vera áreiðanlegur drengur.“ — Þá lagði faðir hans handlegginn um hálsinn á honum og sagði: „Mér þykir vænt um, að þú ert drengurinn minn, Tumi! Þú getur átt páska-hjartað, þó þú eiga ekki neina páska-lilju.“

„Sameiningin“ kemr út mánaðarlega. Hvert númer tvær arkir heilar. Verð cinn dollar um árið. Skrifstofa 118 Emily St., Winnipeg, Canada. „Börnin—barnablaðið nýja—er sérstök deild í „Sam.“, hálf örkl. Address ritstjóra „Barnanna“: Selkirk, Man. — „Börnin“ koma og út sérstaklega—og eru seld fyrir 35 ct.

Hr. Jón J. Vopni er féhirðir og ráðsmaðr „Sam.“ og „Barnanna“. Einnig gegnir hann féhirðisstörfum fyrir kirkjufélagið, og sé honum greidd öll tillög í sjóð félagsins.

Address: Sameiningin, P. O. Box 689, Winnipeg, Man.,
Canada.